

AUGLÝSING

um skipulagsmál á Siglufirði, Fjallabyggð.

Deiliskipulag Vesturtanga, Siglufirði.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti þann 12. febrúar 2014 deiliskipulag Vesturtanga, Siglufirði. Deiliskipulagssvæðið er um fimm þúsund fermetrar að flatarmáli og afmarkast af Snorragötu í vestri, Suðurtanga í norðri og fyrirhugaðri framlengingu Vesturtanga í austri. Svæðið er skilgreint sem athafnasvæði í gildandi aðalskipulagi. Á svæðinu er gert ráð fyrir lóðum undir eldsneytisafgreiðslustöðvar.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Fjallabyggð, 25. febrúar 2014.

Sigurður Valur Ásbjarnarson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 11. mars 2014